



SAMFOK – samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík

Námskeið um nýju menntalögin, samstarf foreldrafélaga innan hverfa og tengsl við grenndarsamfélagið.

SAMFOK hefur í vetur staðið fyrir námskeiðum fyrir fulltrúa foreldra í fjórum borgarhlutum. Námskeiðin voru vel sótt og mæltust vel fyrir. Helstu atriði sem fram komu á námskeiðinu:

Foreldrafélög eru nú lögbundin og allir foreldrar grunnskólabarna eru sjálfkrafa í foreldrafélaginu.

Foreldrafélagið setur sér reglur um kosningu fulltrúa foreldra í skólaráð. Bekkjarfulltrúar eru á vegum foreldrafélagsins og tengiliðir þess inn í bekkina.

Fulltrúar foreldra í skólaráði þurfa að eiga samskipti við bakland sitt, þ.e. foreldrafélagið og einnig nemendafélagið til þess að kynna sér afstöðu foreldra og nemenda til hinna ýmsu mála.

Foreldrar hafa ekki aðeins réttindi heldur einnig skyldur og ábyrgð í foreldrarastarfinu.

Góð kynni, samvinna og tengsl foreldra innbyrðis skipta sköpum þegar kemur að forvörnum og úrlausn vandamála.

Virkir foreldrar skipta sköpum

Rannsóknir hafa sýnt að áhugi og stuðningur foreldra við nám og skólagöngu barna sinna er stærsti einstaki þátturinn sem hefur jákvæð áhrif á námsárangur og líðan barna.

Í því samhengi er auðvitað mikilvægast að hver og einn sýni námi barnsins síns áhuga, kenni því að nám sé mikilvægt og hvetji það til dáða. Áhugi og hvatning foreldra snýst ekki um menntunarstig þeirra eða kunnáttu í þeim námsgreinum sem barnið lærir. Allir foreldrar geta haft jákvæð áhrif.

Ef foreldrar taka höndum saman og halda utan um bekkinn, árganginn og nemendahópinn í heild sinni, hafa frumkvæði að því að efla bekkjaranda og stuðla að jákvæðum skólabrag í samvinnu við kennara og skólastjórnendur, þá getum við hins vegar aukið til muna þau jákvæðu áhrif sem stuðningur okkar hefur.

Enginn er eyland og virkt samstarf og samtal foreldra kemur öllum börnum til góða.

Foreldrastarf er skemmtilegt

Foreldrastarf þarf ekki að vera leiðinleg kvöð. Það er okkar sjálfra að skipuleggja starfið þannig að það verði bæði skemmtilegt og gefandi. Stærsti ávinningurinn er glöð og góð börn sem gengur vel í námi, líður vel í skólanum sínum og finna fyrir augljósum stuðningi foreldra sinna við skólastarfið.

Skemmtileg hugmynd ☺

Skólastjóri einn hafði fengið margar kvartanir frá foreldrum vegna matarins í skólamötuneytinu. Hann greip til þess ráðs að biðja fjóra nemendur á dag að bjóða foreldrum sínum í mat með sér. Þetta snilldarráð varð til þess að engar kvartanir bárust frá foreldrum vegna mötuneytisins veturinn á eftir.

Situr þú í skólaráði fyrir hönd foreldra? Þá viljum við bjóða þér á námskeið ☺

Farið verður yfir hlutverk skólaráðsfulltrúa, réttindi, skyldur og ábyrgð og samskipti við baklandið. Lögd verður sérstök áhersla á að þátttakendur fái tækifæri til fyrirspurna og umræðna

Námskeiðið verður haldið Mánudaginn **7. apríl kl. 19.30-21.00** ef næg þátttaka næst. Upplýsingar og skráning á samfok@samfok.is, skráningu lýkur á hádegi daginn áður.

Aðalfundur SAMFOK

Mánudaginn 12. maí n.k. verður aðalfundur SAMFOK haldinn í Foldaskóla. Fundurinn hefst kl. 20.00 og hafa allir foreldrar grunnskólabarna rétt til setu á fundinum og geta boðið sig fram til stjórnar.

Seinni fulltrúaráðsfundur vetrarins

Formenn foreldrafélaganna í grunnskólum Reykjavíkur skipa fulltrúaráð SAMFOK. Áður en aðalfundurinn hefst verður fulltrúaráðið boðað saman til skrafs og ráðagerða.

Í stjórn SAMFOK eru:
Margrét Valgerður Helgadóttir,
formaður, Ölduselsskóla

Birgitta B Hassenstein, varaformaður,
Austurbæjarskóla
Andres Zoran Ivanovic, Háteigsskóla
Ritawati Effendy, Húsaskóla
Sigrún Theodórsdóttir,
Laugarnesskóla
Sólrun Aspar, Ingunnarskóla
Ævar Karlsson, Breiðholtsskóla

Starfsmaður á skrifstofu: Bryndís
Jónsdóttir, framkvæmdastjóri

Góð ráð til foreldra varðandi lestur

Fjölskyldur geta fléttað létt lestrarverkefni inn í flesta þætti dagslegs lífs – lestur lærist ekki bara í skólanum.

Mundu að lestur og ritun eiga að vera skemmtileg. Ef þér finnst gaman, finnst barninu það líka.

Lesum saman á umbúðir, kort, leiðbeiningar, umferðarskilti og auglýsingar. Æfum lestur alls staðar.

Fjölskyldur geta fléttað létt lestrarverkefni inn í flesta þætti dagslegs lífs – lestur lærist ekki bara í skólanum.

SAMFOK heldur úti síðu á Facebook þar sem bent er á fréttir, greinar og fleira sem tengist grunnskólunum. Fylgstu með ☺